


27 Norðlingaölduveita


Veitt er frá Norðlingaöldulóni, sem er að mestu í farvegi árinna í 566 – 567,5 m y.s., með dælingu upp í göng sem veita vatninu að Kvíslaveitu og með henni áfram til Þórisvatns. Aðrennslisskurður, um 1,1 km að lengd verður frá lóninu að dælustöð þar sem dælur lyfta vatninu upp í göng sem eru um 5 km að lengd. Orkugeta Norðlingaölduveitu er 635 GWh/ár miðað við að Búðarhálsvirkjun sé komin í gagnið. FH III/FH IV: Gæði gagna A. FH III: Áhrif 33. FH IV: Kostnaðarflokkur 1.




Umsögn faghóps I

FH I: Gæði gagna A/A.

Verðmæti/Meðaltal: 12,6/8,0; Áhrifaeinkunn/Meðaltal: 3,6/5,4





Sérstakt mikilvægi

Friðland: Þjórsárver.

Alþjóðlegar friðlýsingar: Ramsar svæði.

Mikilvægar tegundir: heiðagæs í Þjórsárverum, til skamms tíma stærsta varp í heimi.

Búsvæði á lista Evrópuráðsins: rústamýrar, votlendi.

Svæðið er á lista yfir *Important Bird Areas in Europe*, og á yfirliti yfir helstu votlendi á Norðurlöndum.

Náttúruverndaráætlun 2009-13: stækkun friðlands suður fyrir Eyvafen þannig að það nái yfir hið sérstæða votlendi veranna

Náttúruverndaráætlun 2004-8: tillaga UST um stækkun friðlandsins suður að Búðarhálsi, m.a. vegna Kjálkaversfoss, Dynks og Gljúfurleitafoss sem fossaraðar í stórfenglegu landslagi.

Friðlýstar minjar: Eyvindarkofi við Eyvandarver.

Minjar: gæsaréttir – þær einu sem þekktar eru hér á landi.

Hraunlög frá síðari hluta ísaldar. Megineldstöð í Hofsjökli með háreistum móbergsmyndunum. Jökulmenjar í Þjórsárverum, Múlarnir. Samspil grunnvatns, rústa og votlendis í Þjórsárverum. Grunnvatn og jarðhiti undan jökli. Þjórsár og þverár hennar eru jökulkvíslakerfi með lindum og fjölmörgum tjörnum og stórbrotnum fossum, en þeim hefur verið raskað að hluta með Kvíslaveitu. Heildareinkunn fyrir jarðfræði og vatnafar 9,3 (einkunnir fyrir einstök viðföng/viðmið 8 eða 13 nema fyrir upprunaleika/samfellu fallvatna (4).

Einangraður fundarstaður mjög margra plöntutegunda, mánajurt, brúsakollur, kirtilaugnfró, mógrafabrúsi, skrautpundur, snoðvorblóm, slíðrastör, maríuvöndur, jöklasóley, haustbrúða, blátoppastör, fjallnykra. Mjög tegundaauðugt miðað við legu og hæð yfir sjó, alls skráðar 183 hápöntutegundir (600-1000 m hæð), meira en á miklu stærra svæði á Hofsafrétt (170 tegundir á 500-1000 m hæðarbili). Hæsta einkunn fyrir auðgi og fágæti.

Allt að 32 teg. varpfugla. Heiðagæs ríkjandi tegund og voru Þjórsárver lengi langstærsta byggð í heimi. Mikil fækkun á síðari árum, líklega vegna ofbeitar gæsanna. Átta tegundir á valista. Einkunn 13 fyrir auðgi, 8 fyrir fágæti, 20 fyrir alþjóðlega ábyrgð. Heildareinkunn fyrir fuglalíf 12,9.

Þjórsá rýr af laxfiskum, bleikja aðflutt í Þúfuvatni, hornsíli í verunum. Fjölbreytt smádýralíf (13) í vatni en ekki vitað um neitt fágætt.

Skráðar hafa verið 30-40 minjar, flestar tengjast samgöngum yfir hálendið (leiðir, vörður, áfangastaðir), nýtingu til veiða (skotbyrgi, refagildrur, gæsaréttir) eða smalamennsku (gangnamannakofi). Eyvindarkofi er friðlýstur minjastaður. Gæsaréttir afar sjaldgæfar. Sögulegar skírskotanir af ýmsum toga. Heildarverðmæti menningarminja metin 9,4.

Fjölbreytni í landslagi: jökull, há fjöll, jökulstífluð lón, jökulkvíslar, lindasvæði og tjarnir, blómabrekkur, sífrerarústir, víðáttumikil votlendi. Víðsýni mikið.

Umsögn faghóps II

FH II: Gæði gagna A/B.

<i>Ferðasvæði</i>	<i>Verðmætamat svæðis vegna ferðaþjónustu og útivistar án virkjunarframkvæmda</i>	<i>Röð eftir minnkandi verðmætum</i>
Gljúfurleit	7,57	38
Þjósársarver	7,01	45

<i>Staðar-númer</i>	<i>Virkjunarhugmynd</i>	<i>Verðmæti svæðis fyrir virkjunarframkvæmdir</i>		<i>Heildareinkunn áhrifa á beit, veiðar, ferðaþjónustu og útivist</i>	<i>Röð frá sjónarhóli verndunar</i>
		til beitar	vegna veiða		
27	Norðlingaölduveita - 566-567,5 m y.s.	1		2,24	45

Röðun FH I/FH II: 30.

Könnun verkefnisstjórnar: N6, B0, V6.

Rök fyrir röðun í nýtingarflokk:

Mjög hagstæður kostur. MÁU liggur fyrir, leyfi ráðherra fyrir framkvæmdinni. Aðalskipulag austan Þjósárs. Framkvæmd tilbúin til útboðshönnunar. Fyrsta gangsetning 2014.

Rök fyrir röðun í biðflokk:

Rök fyrir röðun í verndarflokk:

Felur í sér röskun vestan Þjósárs á lítt snortnu landi í jaðri Þjósársvera. Mannvirki rétt við friðland yrðu til lýta.

Flokkun í þingsályktunartillögu: Verndarflokkur

Rökstuðningur: Felur í sér röskun vestan Þjósárs á lítt snortnu landi í jaðri Þjósársvera, auk áhrifa á sérstæða fossa í Þjósá. Kvíslaveitur hafa nú þegar virkjað þverár sem falla í Þjósá að austan, en kvíslum vestan ár hefur verið hlíft. Virkjunarkostur sem liggur á jaðri svæðis með hátt verndargildi sem menn eru sammála um að eigi að njóta friðunar. Mannvirki rétt við friðland yrðu til lýta. Því þykir rétt að vernd á svæðinu verði látin hafa forgang.